

Álagning fasteigna- og þjónustugjalda 2017

Álagningin byggir á fasteignamati samkvæmt Landsskrá fasteigna frá 1. febrúar 2016.

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A-skattflokkur

Íbúðarhús og sumarbústaðir ásamt lóðum og lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir sem eingöngu eru nýttar til landbúnaðar, mannvirki og útihús á bújörðum.

Fasteignaskattur A	0,50% af fasteignamati húss og lóðar (var 0,49% árið 2016).
Vatnsgjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).
Fráveitugjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá.)
Sorphirðugjald	kr. 40.192,- á íbúð (var kr. 34.638 á íbúð).

Fasteignagjöld stofnana: B-skattflokkur

Sjúkra- og heilbrigðisstofnanir, skólar, íþróttahús o.fl. samanber reglugerð um fasteignaskatt nr.1160/2005

Fasteignaskattur B	1,32% af fasteignamati húss og lóðar (óbreytt á milli ára).
Vatnsgjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).
Fráveitugjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).

Fasteignagjöld atvinnuhúsnæðis: C-skattflokkur

Aðrar fasteignir en þær sem falla undir A og B flokk t.d. verslunar-, iðnaðar-, og skrifstofuhúsnæði ásamt lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C	1,65% af fasteignamati húss og lóðar (óbreytt á milli ára).
Vatnsgjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).
Fráveitugjald	Samkvæmt sérstakri gjaldskrá (var skv. sérstakri gjaldskrá).

Lóðarleiga

Lóðarleiga íbúðahúsalóða	1,28% af fasteignamati lóðar (óbreytt á milli ára).
Lóðarleiga atvinnulóða	2,90 % af fasteignamati lóðar (óbreytt á milli ára).
Lóðarleiga ræktarlands	3,00% af fasteignamati lóðar (óbreytt á milli ára).

Vatnsgjald

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, ber að greiða vatnsgjald árlega til Vatnsveitu Dalvíkur og skal það vera eftirfarandi:

- Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 4.640,00- kr. pr. íbúð og 170,30,- kr. pr. fermetra húss. (var fast gjald 8.634,07,- kr. pr. íbúð og 205,05,- kr. pr. fermetra húss.)
- Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 14.250,00- kr. pr. eign og 187,80 kr. pr. fermetra húss. (var fast gjald 17.268,13- kr. pr. eign og 205,05- kr. pr. fermetra húss.)

- c) Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum. **(óbreytt)**
- d) Álagning skv. a, b. og c. másl. skal þó aldrei vera hærri en 0,4% eða lægra en 0,2% af fasteignarmati allra húsa og lóða. **(óbreytt)**.

Fráveitugjald

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins.

- a) Fráveitugjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 15.315,35- kr. pr. íbúð og 319,60 kr. pr. fermetra húss. **(var gjald 12.951,10 - kr. pr. íbúð og 291,40- kr. pr. fermetra húss)**
- b) Fráveitugjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 35.288,36 kr. pr. eign og 319,60 kr. pr. fermetra húss. **(var fast gjald 32.377,74- kr. pr. eign og 291,40 - kr. pr. fermetra húss.)**
- c) Árlegt rotþróargjald verði, fast gjald kr. 15.315,35 kr. pr. losunarstað og þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár er kr. 11.872,90 **(var kr. 12.951,10 og kr. 11.872,90)**.
- d) Álagning skv. a og b. másl. skal þó aldrei vera hærri en 0,47% eða lægra en 0,25% af fasteignarmati allra húsa og lóða **(var 0,47% og 0,25%)**.

Gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Gjalddagar fasteignagjalda eru tíu talsins og eru gjöldin innheimt frá 5. febrúar til 5. nóvember. Eindagi fasteignagjalda er 30 dögum eftir gjalddaga.

Frekari upplýsingar má fá í þjónustuveri Dalvíkurbyggðar í síma 460-4900 eða á www.dalvikurbyggd.is

Samþykkt á 286. fundi sveitarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 22.11.2016